

Aðalfundur hverfisnefndar Giljahverfis, haldinn 8. júní 2004 kl. 20:00, í Giljaskóla.

Aðalsteinn Helgason formaður nefndarinnar setti fund.

Hann kynnti starfsemi nefndarinnar, sagði frá málefnum sem nefndinni hafa borist til umsagnar frá Akureyrarbæ. Þ.e. byggingaframkvæmdir á lóðum við Kiðagil 1, Skessugil 19-21 og Tröllagil 29.

Talaði um umferðarmál, sérstaklega hraðahindranir.

Afhenti fundarstjórn til starfsmanna Akureyrarbæjar.

Bjarni Reykjalín bygginga- og skipulagsfulltrúi sagði frá skipulagsmálum í hverfinu. Búið er að úthluta flestum lóðum í hverfinu, nema við Fornagil og Fossagil. Farið verður í hringtorg á gatnamótum Hlíðarbrautar og Merkgígils annars vegar og Hlíðarbrautar og Hlíðarfjallsvegur hins vegar nú í sumar og gengið frá göngustíg frá Hlíðarbrautinni (gennt Drekgáli) niður á göngustíginn við ána. Göngustígur umhverfis hverfið er á skipulagi en ekki búið að tímasetja framkvæmdir við hann.

Athugasemd kom til Bjarna úr sal vegna ræsis/skurðar sem er norðan við Vörðugil.

Jónas Vigfússon sagði að farið yrði í að þurrka upp svæðin ofan við V- og F- gilin. Ath. hvort hægt er að skoða ræsið í leiðinni.

Jón Birgir Gunnlaugsson útskýrði „græna trefilinn“. Það er svæði sem liggur frá Kjarnaskógi, ofan við byggð fyrir ofan Hesjuvelli og út undir Hörgárbraut við Húsasmíðjuna. Gert er ráð fyrir að 400 hektarar fari undir skóg og er þegar byrjað að gróðursetja í svæðið norður frá Kjarnaskógi. Iðnaðarsvæði eru áætluð ofan við F-gilin ca um 2020 er ekki verður búið að sameina sveitarfélögin norðan við Akureyri, vestan Eyjafjarðar.

Fram kom að húsfélagið við Huldugil 30-60 fékk aðstoð frá Akureyrarbæ til að græða upp sameiginlegt svæði. Jón Óðinn Óðinsson er í forsvari fyrir þá.

Skv. reglugerð hjá Akureyrarbæ skal lóð vera frágengin 18 mánuðum eftir að hús er frágengið.

Rætt var um „óræktarhorn“ m.a. við Skútagil, hvort þau tilheyrðu lóðum húsanna eða hvort Akureyrarbær ætti að sjá um hirðingu þeirra.

Óskað eftir að aðalfundur verði haldinn í apríl á næsta ári.

Fyrir nefndina var lagt að athuga með foreldrarölt í hverfinu.

Nýr í nefndinni er:

Sigurður Tryggvason,

Skútagili 1-101

Akureyri

skutagil@simnet.is

siggi@frost.is

